

Verðandi nýstúdentar, júbílantar og aðrir góðir gestir!

Liðið skólaár hefur verið viðburðaríkt í Menntaskólanum að Laugarvatni. Hér á eftir verður tæpt á því helsta - en ég hvet þá sem vilja vita meira til að nýta sér heimsíðu skólans og hina ýmsu samfélagsmiðla.

Skólinn var settur 23. ágúst og reglulegum námsmatstíma lauk þann 18. maí.

Við upphaf haustannar voru skráðir 173 nemendur í skólanum, 74 piltar og 103 stúlkur. 51 nemandi hóf nám í fyrsta bekk, 57 í öðrum bekk, 43 í þriðja bekk og 22 í fjórða bekk.

Á þessu vori gekkst 171 nemandi undir námsmat. Í dag eru brautskráðir 65 stúdentar. Fjórðu bekkingar í síðasta sinn, 16 af félagsfræðabraut og 6 af náttúrufræðabraut – Og þriðju bekkingar í fyrsta sinn samkvæmt nýrri skipan náms, 22 af félags- og hugvísindabraut og 21 af náttúruvísindabraut.

Nemendur skólans snertu á ýmsu öðru en bara námsbókum, eins og vera ber.

Sér í lagi í dag er vel við hæfi að minnst á að skólinn tók þátt í lýðræðisviku í október og svo aftur í apríl. Markmiðið var að efla kosningaþátttöku ungs fólks. Pallborðsumræður voru haldnar þar sem frambjóðendum var boðið og síðan endaði vikan á svokölluðum skuggakosningum.

Kynningadagurinn var á sínum stað í nóvember. Sá líflegi dagur endaði á söngkeppninni Blítt og létt þar sem Guðbjörg Viðja Antonsdóttir og félagar báru sigur úr bítum.

Farið var í fjölmargar vettvangs- og skoðunarferðir. Má þar nefna Njáluferð, forvarnarferð, jarðfræðiferð um Gullna hringinn, fjölmiðlafræðiferð til Reykjavíkur þar sem meðal annars Ríkisútvarpið var heimsótt. Fyrsti bekkur fór á kynjafræðimálþing, nemendur í umhverfis- og visfræði heimsóttu m.a. Gámaþjónustuna og Sorpu og stjórn málafræðinemar kynntu sér Alþingi og drukku svo kaffi og borðuðu kleinur með Guðna forseta á Bessastöðum.

Útivist er valgrein í ML og nýtur vinsælda meðal nemenda. Þar er róíð á kanó, farið í gönguferðir, tjaldútilegur, ísklifur og hellaferðir. Í janúar er venjulega farið í og skíða- og skautaferð til Akureyrar en vegna veðurs var að þessu sinni skautað í Reykjavík og skíðað í Bláfjöllum.

Frönsku- og þýskunemar í 4. bekk héldu til Parísar og Berlínar í lok september með leiðsögn frönsku- og þýskukennara. Í mars var svo aftur komið að því að

heimsækja þessar borgir – þá með 3. bekkingum sem höfðu valið nýjan Parísaráfanga og Berlínaráfanga.

Nemendur tóku þátt í ýmsum keppnum á skólaárinu. Má þar nefna að lið frá ML tók þátt í úrslitum framkvæmdakeppni framhaldsskólanna, Boxinu. Keppnin felst í því að leysa fjölbreyttar þrautir sem reyna á verklega og bóklega þekkingu, hugvit og verklag þátttakenda. Liðið frá ML kallaði sig „Kompani Hákon“.

Nemendur í þýsku stóðu sig líka vel í stuttmyndasamkeppni á vegum Félags þýzkukennara nú á vorönn þar sem þeir lentu í fyrst og öðru sæti.

Stjórnarskipti í Nemendafélaginu Mími fóru fram í febrúar og er nýr stallari Sigríður Helga Steingrímsdóttir frá Flúðum í Hrunamannahreppi.

Nemendur gerðu sér dagamun um miðjan mars eins og venja er. Þrautakeppnin Dollinn var á sínum stað og árshátíðin var að þessu sinni haldin með glæsibrag í Aratungu þann 16. mars.

Í byrjun apríl frumsýndi Leikfélag ML leikritið Stöngin inn! eftir Guðmund Ólafsson. Leikritið var sýnt í N-stofu í skólahúsinu við góðan orðstýr. Leikstjórar voru þau Bjarnveig Björk Birkisdóttir og Sigurður Anton Pétursson, nemendur í 3N.

Í apríl fengum við gesti frá Frakklandi. Það voru 33 framhaldsskólanemar ásamt tveimur kennurum. Þessi hópur dvaldi hjá okkur í níu daga og skoðaði á þeim tíma nærumhverfi Laugarvatns og lærði um jarðfræði Íslands.

Á skólaárinu voru 108 nemendur, eða um 63% nemenda, í kór ML. Kórstjóri er sem fyrr Eyrún Jónasdóttir.

Starfsárið hjá kórnum var sérstaklega líflegt. Farið var í kórbúðir til Víkur í október, tvennir jólatónleikar voru haldnir í Sálholtskirkju og í mars var aftur sungið í Skálholti, þá með bandarískum gestakór. Mikill undirbúningur var fyrir Ítalíuferð kórsins í apríl. Nemendur beittu ýmsum ráðum til að safna fyrir ferðinni og stóðu meðal annars fyrir áheitasöfnun með því að vera í snú-snú í heilan sólarhring! Ítalíuferðin til Bolzano í Suður-Tyról tókst einkar vel. Kórin söng þar á tvennum tónleikum. Auk Eyrúnar fylgdu hópnum Karen Dögg, verkefnastjóri kórs ML, Erla húsfreyja, Pálmi húsbóndi og Sigríður vistarvörður. Þegar heim var komið voru síðan haldnir tvennir lokatónleikar, annars vegar í Skálholtskirkju og hinsvegar í Guðríðarkirkju í Reykjavík.

3. maí afhenti mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, ML Gulleplið 2018, fyrir framúrskarandi heilsueflingarstarf. Þetta er í sjöunda sinn

sem Gulleplið er veitt heilsueflandi framhaldsskóla og var viðurkenningin að þessu sinni tileinkuð framúrskarandi starfi á sviði jafnréttis og kynheilbrigðis.

Við sama tilefni afhenti Þórólfur Guðnason, sóttvarnarlæknir, skólanum smokkasjálfsala til að setja á heimavistirnar. Í framhaldinu fá allir framhaldsskólar á landinu slíka sjálfsala afhenta frá Embætti landlæknis.

Þá lítið eitt um starfsmenn skólans en við upphaf haustannar voru þeir 42, þar af 20 við kennslu og stjórnun.

Í september heimsóttu raungreinakennarar og verkefnastjóri í upplýsingatækni bæði Menntaskólan á Tröllaskaga og Fjölbrautaskóla Norðurlands Vestra. Var heimsóknin liður í þróunarverkefni í stærðfræði innan ML.

Skólameistarahjónin héldu í langferð í september, alla leið til Suður-Afríku. Þar var haldin ráðstefna alþjóðasamtaka skólastjórnenda.

Starfsmannafélag ML stóð fyrir ýmsum skemmtunum, m.a. leikhúsferð og um miðjan maí mánuð fögnuðum við komu vorsins með notalegri samverustund í nýjum glæsilegum Eldaskála hér á Laugarvatni.

Ég þakka starfsfólki skólans gott samstarf á liðnum vetri.

Ágætu verðandi nýstúdentar!

Það hefur ýmislegt dregið á daga ykkar hér í ML. Þið eruð reynslunni ríkari. Hingað, að þessum tímamótum, eru þið komin í dag. Og því ber að fagna! En hvert skal svo stefna?

Það er eflaust hægt að gefa ykkur fjölmörg ráð á svona stundu – en kannski er mikilvægast af öllu að vera maður sjálfur og láta drauma sína rætast!

Gangi ykkur allt í haginn og kærar þakkir fyrir samveruna!

Áslaug Harðardóttir

Áfangastjóri